


Landsliðskonurnar voru með tískusýningu og ekki var annað að sjá en þær væru þrælvanar sýningarstörfum. Hér sjást fimm þeirra í dýrindispelsum. Frá vinstri Fanney, Herdís, Una, Rut og Inga Lára. Í bakgrunni sést Bryndís Schram sem stjórnaði veislunni af röggsemi.




Þær eru brosmildar þingkonurnar. Það er greinilega skemmtilegra að vera á kvennakvöldinu en að sitja á Alþingi og hlusta á þrefið í köllunum. Þingkonurnar eru frá vinstri: Kristín Einarsdóttir, Valgerður Sverrisdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Guðrún Helgadóttir. DV-myndir Hanna

Kvennalandsliðið í ham

Nýverið hélt landsliðsnefnd kvenna hjá HSÍ kvennakvöld á Hótel Íslandi. Tilgangurinn var að afla fjár fyrir landsliðið. Boðið var upp á vandaða dagskrá en veislustjóri var engin önnur en Bryndís Schram.

Eiginmenn eða karlkyns „vinir" voru útilokaðir frá fyrri hluta samkomunnar og máttu í fyrsta lagi koma að loknum fyrstu sex skemmtiatriðunum eða um kl. 22.47!


Skemmtiatriði kvöldsins voru fjölbreytt. Ellert B. Schram flutti minni kvenna, Guðrún Helgadóttir var ræðukona kvöldsins, Jóhannes Kristjánsson flutti gamanmál, Bergþór Pálsson söng og Platters léku fyrir gesti. Í lokin spilaði hljómsveitin Stjórnin fyrir dansi.



Listamaðurinn í góðum félagsskap þeirra Trausta Valssonar og Kristínar Petersen.



Þau létu sig ekki vanta á sýningu. Frá vinstri: Ása Gissurardóttir, Guðmundur Guðjónsson, Ásbjörn Björnsson og Bjarney Sigurðardóttir. DV-myndir Hanna



Ástríður Thorarensen og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, eru augljóslega ánægð með sýninguna.

Helgi og högg-mynd-irnar

Helgi Gíslason opnaði fyrir skömmu sýningu í vestursal Kjarvalsstaða. Á sýningunni eru 17 höggmyndir unnar á síðustu tveimur árum. Helgi hefur áður gert ýmis útiverk, meðal annars í Fossvogskirkju, Hallargarðinum, Stykkishólmi og á Höfn í Hornafirði.



Bollurnar sex ásamt kynninum á skemmtuninni. Talið frá vinstri Olga Ólafsdóttir kynnir, Anna Margrét Árnadóttir, Sigurður Oddsson, Berglind Bragadóttir, Hulda Kristinsdóttir, Þorgerður Sigurðardóttir og Rósa Jónína Benediktsdóttir. DV-mynd Sigrún


Heilsuhælið í Hveragerði:

Fékk góðar gjafir frá Bollunum


Sigrún Lovísa, DV, Hveragerði:

Nokkrir fyrrverandi vistmenn á heilsuhæli Náttúrulækningafélags Íslands, NLFÍ, í Hveragerði, sem kalla sig Bollurnar, gáfu á dögunum hælinu talstöð, ásamt móttökutækjum, og barnastól að verðmæti 105 þúsund krónur.

Gjafirnar var afhentar á fjölmennri skemmtun á heilsuhælinu og veitti Sigurjón Skúlason skrifstofustjóri þeim móttöku. Bollurnar sex leituðu til bókaútgefenda og heildsala í Hveragerði og á Reykjavíkursvæðinu. Fengu þar vörur sem seldar voru á uppboði á heilsuhælinu og gjafirnar keyptar fyrir ágóðann.



Helga Bergmann, sem losaði sig við 46 kíló á 4 mánuðum, sýnir hér buxur á skemmtuninni sem hún notaði þegar hún var 106 kg. DV-mynd Sigrún

JÁ ATVINNU-HÁÞRÝSTITÆKI 200 BAR
Hagstætt verð

Umhverfisvæn hreinsiefni fyrir bíla- og vélaverkstæði o.m.fl.
JÁ JÁKÓ
vélar og efnavörur
Auðbrekku 24, Kóp.
Sími 641819
Fax 641838

GLANS-SJAMPO FYRIR
ÞINN HÁRALIT!

* Skerpir lit
* Gefur glans
* Gefur fyllingu
Pétur Pétursson hf
Fáanlegt fyrir:
Ljóst, brúnt, rautt, skollitt, svart og grátt hár.
Litanæring í stíl

DEMPARAR

Í MARGAR GERÐIR BÍLA VERÐ FRÁ KR.
1.366.-
Bílavörubúðin FJÖÐRIN
Skeifunni 2, Sími 81 29 44

SUNNY SENGANA JARÐARBER
MJÚKÍS ...bara vegna bragðsins.
KYNNINGARVERÐ TIL 1. SUMARDAGS
SAMEINAÐA /SÍA